



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 9. árgangur, 8. desember 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólalóðin

Framkvæmdum á skólalóðinni miðar ágætlega og heljarinnar leiktur sem þar hefur risið. Mikil tilhökkun ríkir meðal nemenda og ef veður verður okkur hagstætt vonumst við til að geta opnað inn á nýja hluta skólalóðarinnar fljótlega á nýju ári.

Á döfinni í desember og janúar



11. desember:

Risajólasöngsalur með öllum nemendum skólans.

14. desember: Sævar vísindamaður kemur með bókakynningu og vísindafræðslu fyrir 1.-7. b.

15. desember: Jólþemadagur hjá öllum nemendum og

árshátíðarball fyrir 7.-10. b.

20. desember: Litlu jól hjá 8.-10. bekk kl. 18:00.


21. desember: Litlu jól hjá 1.-7. bekk kl. 8:30.

Janúar: Hæfileikakeppni nemenda, viðtalsdagar o.fl.



Gjöf frá foreldrafélaginu

Naustaskóla barst á dögunum vegleg peninggjöf frá foreldrafélagi skólans. Gjöfin er stíluð á bókasafn skólans og verður peningunum varið til kaupa á nýjum og skemmtilegum bókum fyrir nemendur okkar. Við þökkum kærlega fyrir þessa frábæru gjöf sem mun sannarlega nýtast vel!



Kæra skólasamfélag

Upp er runninn desember með tilheyrandi jólagleði og eins og venjulega er mikið um að vera í skólanum fyrir jólin. Við byrjuðum mánuðinn á sparifatadegi og góðum mat í tilefni fullveldisdagsins þann 1. des og framundan er fjölbreytt dagskrá, t.d. risajólasöngsalur, jólþemadagur, litlu jólin og margt fleira. Nemendur hafa hjálpast að við að setja skólann í jólábúning og hvert sem litlið er má sjá fallegar skreytingar sem nemendur hafa búið til.

Fjölmargir námshópar hafa farið í skemmtilegar ferðir í mánuðinum. 3. bekkur fór að sjá leiksýninguna Stúfur snýr aftur, nokkrir námshópar hafa farið á sýningu á Minjasafninu og þá var 1. bekk boðið á generalprufu fyrir Norðurljósátónleika í Hofi. Skemmtilegar ferðir og nemendur skólans sjálfum sér og sínum að sjálfsögðu til sóma!

Með ósk um notalega aðventu og gleðilega jólahátíð,

Bryndís Björnsdóttir, skólastjóri.



ÚTIVISTAR-REGLURNAR*
*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða tvískipt að þessu sinni.

Nemendur í 8.-10. bekk ætla að halda sín litlu jól að kvöldi miðvikudagsins 20. desember og hefst dagskráin kl. 18:00. Nemendur í 1.-7. bekk hittast hins vegar að morgni fimmtudagsins 21. desember kl. 8:30. Að litlu jólnum loknum eru nemendur komnir í jólafrí.

Frístund verður opin á litlujóladaginn kl. 7:45-16:15.

Kennsla að loknu jólaleyfi hefst skv. stundaskrá fimmtudaginn 4. janúar.



Frá foreldrafélagi Naustaskóla

Kæru foreldrar! – Það þarf þorp til að ala upp barn!

Nú er komið að því að virkja foreldraröltið í Naustahverfi og vonumst við eftir því að fá góðar undirtektir ykkar allra.


Við í stjórn foreldrafélagsins höfum ákveðið að óska eftir þriggja manna nefnd sem kæmi til með að halda utan um foreldraröltið og koma því af stað. Þeir sem vilja bjóða sig fram í nefndina eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Ingibjörgu í síma 779-1910 eða á netfangið husfreyjan@gmail.com. Foreldrarölt í okkar hverfi er fyrirhugað á kvöldum þar sem opið hús eða dansleikir eru í Naustaskóla og er yfirleitt um eitt virkt kvöld í viku að ræða. Hlökkum til að heyra frá ykkur sem flestum í nefndina og hlökkum til samstarfs við ykkur öll í þessu mikilvæga verkefni. Þetta er alls ekki mikil vinna fyrir hvert heimili og bara gaman að kynnast bæði öðrum foreldrum, krökkunum og hverfinu okkar.

Af hverju foreldrarölt ?

Fyrst og fremst vegna þess að okkur er ekki sama. Við viljum varna því að börnin okkar lendi í vanda. Við viljum líka koma í veg fyrir hópamyndanir eftir löglegan útivistartíma. Nærvera fullorðinna þar sem börn hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Líkur á að börnin okkar lendi í aðstæðum sem ógna þeim eða hræða minnka þegar fullorðnir eru nálægir. Nærvera fullorðinna gefur börnunum tækifæri til að leita aðstoðar ef á þarf að halda.

Af hverju þú ?

Langflestir foreldrar standa vel að sínum börnum og þeir eru ekki úti eftir að lögbundnum útivistartíma lýkur. Margir spyrja því hvers vegna þeir eigi að fara út af heimilinu frá sínu barni til að passa annarra manna börn? Með því að taka þátt í foreldrarölti höfum við áhrif á hverfisbraginn og það félagslega umhverfi sem við og börnin okkar búum við. Því færri sem nota vímuefni, eru lagðir í einelti eða beittir einhvers konar ofbeldi, því betra og öruggara er umhverfi okkar. Við berum öll ábyrgð á okkar nánasta umhverfi og eigum að sýna þeim sem eiga í vanda að okkur er ekki sama. Auk þessa kynnumst við fleiri foreldrum, við höfum gott tækifæri til að ræða sameiginleg áhugamál og, síðast en ekki síst, við eigum saman ánægjulega stund á heilsubótargöngu um hverfið okkar!



Óskilamunir og frágangur í forstofu

Talsvert magn af óskilamunum hefur safnast fyrir hér í skólanum og viljum við biðja foreldra og forráðamenn að kanna vel hvort hér leynist eitthvað sem ykkar börn eiga. Mikilvægt er að merkja föt nemenda vel svo auðveldara sé að koma þeim til skila.

Þá hefur talsvert borið á því að nemendur geymi útiföt og fleira á snögunum í skólanum, en við villjum minna á að ætlast er til að nemendur taki öll föt með sér heim að hverjum skóladegi loknum.






Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2017

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1 Fullveldisdagurinn	2
3	4 Ofnbakaður fiskur í spinatrjóma, kartöflur og gúrka Ávextir	5 Lasagna, kryddgrjón og salat Ávextir	6 Steiktur steinbítur, kartöflur, salatbar og piparostasósa Ávextir	7 Lambagúllas, hrísgrjón og rifnar gulrætur Ávextir	8 Pepperonipasta og salatbar Ávextir	9
10	11 Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, salat og hvítlaukssósa Ávextir Risajólasöngsalur	12 Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur Ávextir Stekkjastaur	13 Soðinn fiskur, kartöflur grænmeti, lauksmjör og salatbar Ávextir Giljagaur	14 Grænmetisbuff, kúskús gúrka og sólskinsdressing Ávextir Stúfur	15 Hamborgarhryggur og tilheyrandi Ávextir Jólabemadagur Þvörusleikir	16 Pottaskefill
17 Askasleikir	18 Svikinn héri, kartöflur, gúrka, grænar baunir og lauksósa Ávextir Hurðaskellir	19 Spaghettifiskur, og salatbar Ávextir Skyrgámur	20 Kjöt, hrísgrjón og karrýsósa Ávextir Litlu jól 8.-10. b. kl. 18 Bjúgnakrækir	21 Fiskipottréttur, bygg, og salat Ávextir Litlu jól 1.-7. b. kl. 8:30 Gluggagægir	22 Grænmetissúpa og brauð Ávextir Gáttapefur	23 Þarláks-messa Ketkrökur
24/31 Aðfangadagur / gamlársdagur Kertasníkir	25 Jóladagur 	26 Annar í jólum	27 Frístund lokið	28 Frístund lokuð	29 Frístund lokuð	30

Muna:

- Frístund lokuð á milli jóla og nýárs
- Litlu jól 20. des (8.-10. b.) og 21. des (1.-7. b.)
- Skóli hefst að loknu jólaleyfi skv. stundaskrá fimmtudaginn 4. janúar